

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Laxdæla.

Býli	Arðeiningar %
Saurar	5.37
Fjós	8.67
Sauðhús	8.85
Hrappsstaðir	7.47
Höskuldsstaðir	4.39
Hjarðarholt	2.93
Hornsstaðir	1.58
Spágilsstaðir	2.04
Leiðólfsstaðir	3.20
Goddastaðir	4.43
Þrándargil	3.32
Lambastaðir	6.48
Svarfhóll	6.21
Gillastaðir	4.51
Gröf	2.60
Sámsstaðir	7.62
Dönustaðir	10.44
Hamrar	3.01
Pálssel	3.38
Svalhöfði	2.23
Sólheimar	1.27
Samtals	100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

15. febrúar 1973.

Nr. 52.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hveragerðishrepps
nr. 158/1948.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum í Hveragerðishreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja skal greiða vatnsskatt.

Skatturinn skal lagður á eftir heildarfasteignamati hverrar fasteignar, þ. e. húsa og lóða, eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal vera 0.2% (0.2 af hundraði) af fasteignamati.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 1 200.00.

Ef fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt og tengd er við vatnsveituna, er ekki virt til fasteignamats, ákveður vatnsveitan skattinn.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkv. 13. gr. skal greiða aukavatnsskatt af þeim húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum.

Af gróðurhúsum skal greiða kr. 6.00 fyrir hvern fermetra.

Fyrir aðra notkun skal greiða gjald, sem vatnsveitan ákveður.

Vatnsveitunni er heimilt að setja upp vatnsmæla, þar sem því verður við komið og henta þykir og skal þá greiða aukavatnsskattinn samkvæmt mældri notkun, eftir sérstakri gjaldskrá.

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka vatnsskatt samkv. þessari reglugerð um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 143 24. júlí 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um niðurföfnun og innheimtu vatnsskatts í Mosfellshreppi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Mosfellshrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem dreifiaðar vatnsveitunnar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.